

GJALDSKRÁ

fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa af lögbýlum í Borgarbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar leggur á gjald til að mæta kostnaði við söfnun og eyðingu dýraleifa skv. 11. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Borgarbyggð nr. 898/2022. Í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, ber sveitarfélögum að taka við þeim úrgangi sem til fellur í sveitarfélaginu og færa hann til viðeigandi meðhöndlunar.

2. gr.

Förgunargjaldið byggist á fjölda búfjár á lögbýlum í sveitarfélaginu miðað við búfjárskýrslur Búnaðarstofu og verður innheimt með fasteignagjöldum. Miðað er við að dýrahæ séu sótt til bænda með reglubundnum hætti og komið í viðeigandi meðhöndlun.

3. gr.

Gjald fyrir söfnun og förgun dýraleifa í Borgarbyggð verður sem hér segir:

Grunngjald 42.936 kr. á öll lögbýli þar sem haldnar eru skepnur.

Því til viðbótar leggst gjald á hvern grip:

Sauðfé	197 kr.
Nautgripir	639 kr.
Hross	634 kr.
Hænsn	4 kr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var á fundi sveitarstjórnar Borgarbyggðar 11. desember 2025 er samin með heimild í 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, og ákvæði 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gjaldskrá sama efnis, nr 1702/2024.

Borgarnesi, 19. desember 2025.

Stefán Broddi Guðjónsson sveitarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 13. janúar 2026